



Reglur Ísafjarðarbæjar um frístundastyrki

1. gr.

Markmið frístundastyrkja

Markmið frístundastyrkja Ísafjarðarbæjar er að auka jöfnuð í samfélaginu, auka fjölbreytileika íþrótt-, lista- og tómstundastarfs og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglunga. Frístundastyrkjum er jafnframt ætlað að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku barna og vinna gegn óæskilegu brottfalli iðkenda.

2. gr.

Réttur til styrks og fjárhæð

Ísafjarðarbær styrkir frístundaiðkun barna í 5.-10. bekk í grunnskóla með lögheimili í Ísafjarðarbæ í formi frístundastyrks.

Skóla- íþrótt- og tómstundanevnd skal ákvarða styrkfjárhæð að hausti fyrir komandi ár, með hliðsjón af fjárhagsáætlun Ísfjarðarbæjar, og skal styrkfjárhæð auglýst á vefsíðu sveitarfélagsins.

3. gr.

Úthlutun og notkun frístundastyrks

Frístundastyrk er úthlutað til barna í formi styrks sem forráðamenn ráðstafa til aðila sem standa fyrir skipulögðu frístundastarfi og falla undir styrkhæfisviðmið sveitarfélagsins, samannber 6. gr. Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna barna að ræða.

Frístundastyrkur skal nýttur til að greiða æfingagjöld eða þáttökugjöld í skipulögðu íþrótt-, lista- og/eða tómstundastarfi, og skal einskorðast við kennitölu þess barns sem frístundastyrkurinn tilheyrir.

Frístundastyrk má nýta að fullu eða hluta til niðurgreiðslu æfinga- og námskeiðsgjalda og geta forráðamenn ráðstafað þeim hvenær sem er yfir árið og óháð fjölda greina/námskeiða.

Ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð til félags en námskeið kostar. Ef kostnaður við námskeið er hærri en ráðstöfunin, skal félag sjá um innheimtu mismunar hjá forráðamönnum barns.

4. gr.

Umsókn um frístundastyrk barna

Forráðamenn barna sækja um frístundastyrk rafrænt í gegnum forritið *Abler*. Ónýttir frístundastyrkir flytjast/geymast ekki milli ára.

5. gr.

Gildistími frístundastyrks og ráðstöfun

Frístundastyrkur hvers árs gildir fyrir hvert barn á hverju 12 mánaða tímabili. Ónýttur frístundastyrkur fellur niður í lok hvers árs.

Ráðstöfun frístundastyrks er endanleg. Óheimilt er að endurgreiða eða bakfæra frístundastyrk þegar forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til niðurgreiðslu æfinga- eða námskeiðsgjalds til félags.

6. gr.

Þátttökuréttur félaga og fyrirtækja

Skilyrði þess að hægt sé að nýta frístundastyrkinn er að um skipulagt íþróttá-, lista- eða tómstundastarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn þjálfara, leiðbeinenda eða kennara, eldri en 18 ára. Heimilt er þó að ungmenni undir 18 ára aldri aðstoði við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi.

Skóla-, íþróttá- og tómstundanefnd skal taka ákvörðun um hvort námskeið eða þjálfun teljist styrkhæf berist beiðni um þátttökurétt, en beiðni skal beint til íþróttá- og æskulýðsfulltrúa. Beiðni skal fylgja upplýsingar um frístundastarf viðkomandi aðila, forsvarsmann og gjaldskrá.

Nefndinni er jafnframt heimilt að samþykkja tilgreint íþróttá-, lista- eða tómstundastarf til lengri tíma uppfylli það skilyrði reglnanna. Skal listi yfir samþykkt félög og fyrirtæki auglýstur á vefsíðu Ísafjarðarbæjar.

Frístundastyrk er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í til dæmis líkamsræktarstöð, sundlaug eða skíðasvæði, en skipulögð námskeið með leiðbeinanda á þessum íþróttastöðum falla undir styrkinn.

Frístundastyrk er ekki hægt að nýta til kaupa á búnaði eða fyrir ferðakostnaði vegna keppni eða þjálfunar. Óheimilt er að nýta frístundastyrk til kaupa á gjafabréfi vegna íþróttá-, lista- eða tómstundastarfs.

Þau félög og fyrirtæki sem taka við frístundastyrk frá Ísafjarðarbæ skulu leitast við að stilla verðlagi á æfinga- og þátttökugjöldum í hóf og veita skóla-, íþróttá- og tómstundanefnd upplýsingar um gjaldskrár ef eftir því er óskað.

Brot félaga eða fyrirtækja á reglum og skilyrðum fyrir frístundastyrknum getur leitt til endurskoðunar á þátttökurétti frístundastyrkja Ísafjarðarbæjar.

Tengin við Abler kerfið er skilyrði fyrir því að geta tekið við frístundastyrk.

7. gr.

Framkvæmd frístundastyrks og tengiliður

Þegar forráðamaður staðfestir þátttöku barns í *Abler* fær viðkomandi félag eða fyrirtæki og Ísafjarðarbær staðfestingu þar um.

Ísafjarðarbær greiðir frístundastyrki til viðkomandi félags eða fyrirtækis í síðasta lagi 10. hvers mánaðar fyrir skráða styrki mánuðinn á undan.

Íprótta- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með frístundastyrk Ísafjarðarbæjar og veitir nánari upplýsingar þar um, en viðkomandi félag eða fyrirtæki veitir upplýsingar um æfingagjöld, skráningar og þess háttar.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru samþykktar á 18. fundi skóla-, íprótta- og tómstundanefndar, þann 4. febrúar 2025 og á 547. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þann 18. febrúar 2025, og taka gildi 1. janúar 2025.